

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 178/1999

frá 17. desember 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/48/EB frá 21. maí 1999 um aðlögun öðru sinni að tækniframförum á tilskipun ráðsins 96/49/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum færmum með járnbrautum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42b (tilskipun ráðsins 96/49/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0048:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/48/EB frá 21. maí 1999 (Stjtið. EB L 169, 5.7.1999, bls. 58).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L, 1.3.2001, bls. og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. , 1.3.2001, bls. .

⁽²⁾ Stjtið. EB L 169, 5.7.1999, bls. 58.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/48/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 17. desember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner